

Mál nr. 248/2009
M og
Vátryggingafélagið V-1 v A og
Vátryggingafélagið V-2 v. B

Árekstur bifreiða á Kjarnagötu á Akureyri þ.8.4.2009.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 10.7.2009 ásamt fylgiskjöllum 1-5
2. Niðurstaða tjónanefndar nr.173/09
3. Bréf V-1 dags. 27.7.2009
4. Bréf V-2 dags. 31.7.2009.

Málsatvik.

A var ekið af Kjarnagötu inn á bifreiðastæði en í sömu andrá var B ekið norður bifreiðastæðið á leið út af bifreiðastæðinu og varð árekstur með bifreiðunum. Ökumaður A segist hafa ekið á 20-25 km. hraða og ekki séð til ferða B fyrir en stuttu áður en árekstur varð. Ökumaður B segist hafa séð A skyndilega fyrir framan sig og reynt að afstýra árekstri en það ekki tekist.

Álit.

Ekki verður séð miðað við öll gögn málsins að annar ökumaður beri meiri sök en hinn og er því sök skipt til helminga.

Niðurstaða.

Hvor aðili ber helming sakar.

Reykjavík 18.8.2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.